



Hlutur ráðstöfunartekna af tekjum mun minni en áður

Mikil aukning tekna

Hagstofa Íslands birti í síðustu viku tölur um ráðstöfunartekjur heimila en þær jukust 10,2% milli áranna 2015 og 2016. Ráðstöfunartekjur á mann jukust um 8,7% milli ára og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst um 6,9%. Þessar tölur eru enn ein staðfestingin á mikilli aukningu rauntekna hér á landi síðustu ár.

Ráðstöfunartekjur heimilanna má skilgreina sem samtölu launatekna, eignatekna, tilfærslutekna og reiknaðs rekstrarafgangs einstaklingsfyrirtækja, að frádregnum eigna- og tilfærsluútgjöldum.

Þróun einstakra tekjuliða


Launatekjur eru langstærsti tekjuliður einstaklinga en á árinu 2016 voru meðallaunatekjur um 4 m.kr. Á föstu verðlagi voru launatekjur 2016 nokkuð svipaðar því sem var árið 2007, en þær lækkuðu mikið að raungildi á árunum þar á eftir. Fjármagnstekjur hafa lækkað mikið frá árinu 2008, þegar þær voru hæstar. Tilfærslutekjur hafa aukist nokkuð stöðugt frá árinu 1994.

Samsetning tekna


Hlutur launa í heildartekjum hefur að meðaltali verið um 69% frá árinu 1994. Hlutur launa fór lægst í 61% á árinu 2009 og var tæp 69% árið 2016. Tilfærslutekjur hafa að meðaltali verið um 14% tekna og fóru þær hæst í 18% á árinu 2011 og voru rúm 15% árið 2016.

Segja má að staða mála hér á landi í aðdraganda og eftir bankahrunið hafi breytt samsetningu tekna töluvert á þeim tíma. Það á einkum við um fjármagnstekjur. Fjármagnstekjur voru þannig 14% tekna á árinu 2008, en mun lægra hlutfall í upphafi og lok tímabilsins. Athyglisvert er líka að sjá að rekstrarafgangur einstaklingsfyrirtækja var hlutfallslega mun meiri í upphafi tímabilsins en nú er. Á árinu 2016 var hlutur launa eilítið meiri en sem nemur meðaltali alls tímabilsins, hlutur


Þróun einstakra tekjuliða



Samsetning tekna



Samsetning heildartekna





rekstrarafgangs og eignatekna minni, en hlutur tilfærslutekna meiri.

Ráðstöfunartekjur

Til þess að reikna út ráðstöfunartekjur eru eigna- og tilfærsluútgjöld dregin frá heildartekjum. Meðal þessara útgjalda eru t.d. afborganir af lánum, skattar og iðgjöld til lífeyrissjóða.

Ráðstöfunartekjurnar eru því eðli málsins samkvæmt lægri en heildartekjur og þær eru oft birtar sem tekjur á mann þar sem þjóðinni fer sífellt fjölgandi. Á tímabilinu 1994-2016 hafa ráðstöfunartekjur að meðaltali verið um 64% heildartekna. Hlutfall ráðstöfunartekna af heildartekjum hefur hins vegar lækkað mikið á tímabilinu, var um 70% í upphafi þess en um 62% á árinu 2016.

Vægi einstakra kostnaðarliða

Sé þróun eigna- og tilfærsluútgjalda skoðuð má sjá að hækkun þeirra hefur verið svipuð á öllu tímabilinu, en þróunin innan tímabilsins hefur verið mjög mismunandi. Eignaútgjöldin jukust mun meira en tilfærsluútgjöldin allt fram til ársins 2009, en þau lækkuðu verulega að raungildi fram til ársins 2012. Tilfærsluútgjöldin lækkuðu mikið að raungildi milli 2007 og 2009 en hafa aukist nokkuð síðan og í takt við tekjurnar síðustu árin.


Skattar og lífeyrisiðgjöld

Stærstu liðirnir í tilfærsluútgjöldum eru skattar og iðgjöld í lífeyrissjóði. Sé þróun þessara stærða skoðuð yfir tímabilið má sjá að bæði skattar og iðgjöld til lífeyrissjóða hafa hækkað mun meira en tekjur, og lífeyrisiðgjaldið mun meira. Mælt á föstu verðlagi eru iðgjöld til lífeyrissjóða orðin eitt hvað hærri en var á árinu 2007 á meðan skattgreiðslur eru verulega hærri, eða sem nemur 10% miðað við 2007, en 40% miðað við 2009 þegar skattgreiðslur voru lægst.

Ráðstöfunartekjur heimilanna minnka hlutfallslega


Stóra myndin er því sú að sá hluti tekna sem heimilin ráðstafa sjálf hefur minnkað hlutfallslega á síðustu rúmum 20 árum. Minnkunin var hröðust á síðustu árum síðustu aldar og í kringum hrúnið. Á öðrum tímabilum hefur þróunin verið stöðugri og frekar upp á við frá árinu 2010.

Þróun heildartekna á mann og ráðstöfunartekna á mann




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Tekjur, eignaútgjöld og tilfærsluútgjöld



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Tekjur og tilfærsluútgjöld




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Hluti af því sem dregst frá tekjum heimilanna er lífeyrissparnaður sem kemur til ráðstöfunar seinna, þegar hann er tekinn út. Stór hluti fer einnig í skatta til hins opinbera sem þýðir með öðrum orðum að við ráðstöfum þeim tekjum sameiginlega í stað þess að það gerist innan hvers heimilis. Sú þróun ætti að sjást í aukinni samneyslu, en þróun þeirrar stærðar sýnir að hún hefur einnig farið minnkandi sem hlutfall af landsframleiðslu. Hluttur samneyslu af landsframleiðslu fór reyndar vaxandi í takt við hlutfallslega minnkun ráðstöfunartekna fyrri hluta tímabilsins, en á síðustu árum hafa farið saman hlutfallslega minni ráðstöfunartekjur og hlutfallsleg minnkun samneyslu. Skattgreiðendur virðast því fá minna fyrir snúð sinn en áður.

Samneysla sem hluti af vergri landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.